

BÍÓ★PARADÍS

Heimili kvikmynda

Alþjóðleg Barnakvikmyndahátíð í Reykjavík
20. – 30. mars.

Leikskólatilboð



Hvenær: 21. mars kl. 16.30

Hvar: Bíó Paradís

Leikskólatilboð: 500 kr. fyrir börn 1000 kr. fyrir fullorðna

Í tilefni af Alþjóðlegri Barnakvikmyndahátíð í Reykjavík mun verða sérstakt leikskólatilboð á norsku myndina *Andri og Edda verða bestu vinir*. Þau og kúrudýrin þeirra kynnast á leikskóla og verða öll bestu vinir. Einn daginn týnist fröken kanína í slökkviliðsbíl og þá eru góð ráð dýr!

Slökkviliðið verður á staðnum með slökkvibílinn sinn frá kl. 16.30 þar sem að hægt verður að ræða við slökkviliðsmenn um daginn og veginn og kynnast störfum þeirra. Myndin hefst kl. 17.00 og fylgir svari og poppi öllum keyptum miðum.

Hægt er að kaupa miða í miðasölu Bíó Paradísar Hverfisgötu 54, og þarf aðeins að nefna nafn leikskólans.

Andri og Edda verða bestu vinir



Noregur 2013 / Leikstjóri: Arne Lindtner Næss /
Aðalhlutverk: Nora Amundsen, Hilde Louise
Asbjørnsen, Janne Formoe / Aldur 3+ / Íslensk
talsetning / 78 mín)

Þegar Andri byrjar á leikskóla kynnist hann Eddu en þau verða bestu vinir. Knúsudýrin þeirra, ljónsunginn og fröken Kanína, verða einnig vinir og þegar annað þeirra týnist á slökkvistöðinni lenda þau Andri og Edda í ýmsum ævintýrum. Myndin var tilnefnd sem besta barnamyndin á hinum norsku Amanda verðlaunum sem og að hún var tilefnd sem besta barnamyndin á kvikmyndahátíðinni í Tallinn. Myndin er tilnefnd til áhorfendaverðlauna hátíðarinnar. Opnunarmynd

Alþjóðleg barnakvikmyndahátíð í Reykjavík er nú haldin í Bíó Paradís í annað sinn. Þetta er fyrsta hátíð sinnar tegundar á Íslandi en í fyrra tók Bíó Paradís á móti yfir 3000 börnum á hátíðina og ljóst er að með hátíðinni hafi verið fyllt upp í ákveðið tómarúm í barnamenningu landsmanna. Sýndar verða áhugaverðar myndir um allt milli himins og jarðar. Leiknar myndir, teiknimyndir, heimildamyndir og stuttmyndir fyrir börn á öllum aldri auk sérvíðburða í tengslum við hátíðina. Dagskrá hátíðarinnar má nálgast á heimasíðu [Bíó Paradísar](#)